

Fundargerð

37. fundur Erfðanefndar landbúnaðarins
Haldinn á Teams 4. nóvember 2021 kl 13:00 – 15:00

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Steinunn Garðarsdóttir (SG). Leó Alexander Guðmundsson (LAG) Járngerður Grétarsdóttir (JG) og Þorvaldur Kristjánsson (PK).

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna á fund

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá var samþykkt án athugasemda
2. Fundargerð frá síðasta fundi nefndarinnar
Fundargerð frá 36. fundi nefndarinnar samþykkt
3. Staða mála frá síðasta fundi nefndarinnar
 - Breytingum á Fjárvis (gagnagrunnur sauðfjárræktarinnar) m.t.t. forystufjár er að ljúka. Þá verður forystufé skráð sérstaklega og munu þá ættir rekja sig áfram með tilliti til forystublóðs, hvort um sé að ræða hreinræktað forystufé eða blendinga. Fleiri breytingar eins og t.d. þær að eigandi geti metið hvort gripur sýni litla, einhverja eða mikla forystuhæfileika.
 - Rannsóknir á riðuarfgerðum hjá sauðfé og geitum hafa verið í gangi í samstarfi við þýskan háskóla. Það fannst „ný“arfgerð sem telst mikið verndandi í örfáum kindum, sú arfgerð hefur ekki verið greind hér á landi í arfgerðargreiningum en víða í Evrópu er ræktað fyrir henni til að auka viðnám gegn riðu. Tekin voru sýni úr 140 geitum, ekki fundust verndandi arfgerðir í þessum sýnum.
 - Skýrsla frá RML um erfðafræðilega stöðu íslenska kúastofnsins (sjá heimasíðu EL, www.agrogen.is)
Á fimm ára fresti óskar nefndin eftir skýrslu frá ábyrgðarmönnum í sauðfjárrækt, nautgripærækt og hrossarækt.
 - Sýning í Grasagarði Reykjavíkur sem bar nafnið „Vilttar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna“ (Crops Wild Relatives). Samnorræn sýning, sett voru upp upplýsingaskilti, gefin út bæklingur á öllum Norðurlandamálum og boðið upp á leiðsögn.
 - Dagur kartöflunnar var haldinn í Grasagarði Reykjavíkur í október þar kenndi ýmissa grasa varðandi kartöflur sem ræktaðar voru upp af fræjum af starfsfólki garðsins.
 - App um íslenskt búfé í smíðum, úgáfan verður með myndum af íslensku búfé og texta á ensku í fyrstu og til stendur að bæta íslenskum texta við í næstu uppfærslu.
 - Í september var fundur í húsdýraráði Nordgen á Teams sem Birna og Halldór sóttu. Þar var m.a. rætt um áhyggjur færeyinga af færeyska hestinum sem fær lítinn opinberan stuðning og er í samkeppni m.a. við íslenska hestinn sem er mjög vinsæll í Færeyjum. Ræktendur í Færeyjum hafa óskað eftir stuðningsyfirlýsingu frá Norðurlöndunum til að vekja athygli á stöðu færeyska hestsins. Samþykkti erfðanefnd landbúnaðarins að lýsa yfir stuðningi við ræktendur færeyska hestsins. Á heimasíðu Nordgen hafa verið birtar upplýsingar um búfjáarkyn á Norðuröndum til að vekja athygli á sögu þeirra, sérkennum og stöðu í dag. Búið að birta upplýsingar um nautgripi og hesta og á næsta ári verður áhersla á sauðfé og geitur.

- BKB sótti aðalfundur ERFP í september var haldin í Zoom. Frakkar hafa hýst skrifstofu ERFP síðan 2018 og er miðað við 4 ár í senn og endar kjörtímabilið á næsta ári. Búið að opna fyrir umsóknir um að hýsa starfseminu næsta tímabil frá 2023 -2026.
- Haldin voru þrjú örnámskeið á vegum ERFP í október varðandi skráningar búfjár í EFABIS gagnagrunninn til að bæta skráningar og upplýsingar sem hægt er að sækja í grunninn, meðal breytinga er að nú er óskað eftir því að býflugur verði skráðar.

4. Rekstur 2021 og drög að áætlun fyrir 2022

Erfðanefnd landbúnaðarins 2021	
Rekstraryfirlit 1.1.2021 - 4.11.2021	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2021	3.922.893
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR fyrri hluti	6.219.942
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR seinni hluti (áætlað)	1.500.000
Samtals	11.642.835
Gjöld:	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrindra og feldfjár	130.000
Styrkir 75%	2.529.750
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	75.256
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	126.885
Heimasíða erfðanefndar Sigmundur Brink	650.000
Samtals	7.353.891
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	662.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	843.250
	2.945.750
Eigið fé:	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2021	4.288.944
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2021	4.288.944
Eigið fé að frádragnum skuldbindingum	1.343.194

Drög að áætlun fyrir 2022	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2021	4.288.944
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR fyrri hluti (áætlað)	6.000.000
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR seinni hluti (áætlað)	1.500.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	200.000
Samtals	11.988.944
Gjöld:	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
Isnic lén www.agrogen.is (áætlað)	5.980
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrindra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.500.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	300.000
Samtals	8.977.980
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	375.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	425.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	840.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2021	843.250
	2.483.250
Eigið fé:	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2022	3.010.964
Samtals óráðstafað eigið fé 1.1.2023	3.010.964
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	527.714
Fellðar niður eftirstöðvar styrkja frá 2017 og 2018 að upphæð kr 462,500	

5. Samkomulag vegna verkefna erfðanefndar landbúnaðarins samkvæmt rammasamningi búnaðarlagasamnings.

Rætt var um tillögur Bændasamtaka Íslands að breytingum á ráðstöfun framlags til nefndarinnar vegna endurskoðunnar rammasamnings búvörulagasamanings. Voru nefndarmenn sammála um að óska eftir því við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að ráðstöfun framlags til nefndarinnar verði óbreytt.

6. Önnur mál

Erindi frá Steinunni Garðarsdóttur vegna styrks erfðanefndar til Yndisgróðurs verkefnis þar sem markmiðið var gera nýjan gagnagrunn og plöntuleit fyrir Yndisgróður. Steinunn skýrði nefndinni frá því að mikilvægt sé að varðveita þær upplýsingar sem safnast hafa um yfir 1,000 yrki garð- og landslagsplantna frá því að verkefnið hófst árið 2008 og að verkefni Yndisgróðurs sé í uppnámi vegna skorts á stuðningi frá fagaðilum og styrkveitendum. Óskaði Steinunn eftir því að fá leyfi nefndarinnar til að nýta lokagreiðslu styrksins til að gefa út Rit Lbhí um plöntur Yndisgróðurs. (Steinunn vék af fundi á meðan nefndin fjallaði um málið).

Afgreiðsla: Nefndin samþykkti erindið með þeim skilyrðum að formlegt leyfi frá Lbhí lægi fyrir um að styrkur yrði greiddur til umsækjanda fyrir vinnu við útgáfu Rits Lbhí.

Rætt var um reglur um styrki nefndarinnar.

Afgreiðsla: BKB falið að senda nefndinni uppkast að breytingum á reglum um styrki.

7. Næsti fundur

Ákveðið var að næstu fundir verði haldnir 3. mars og 4. maí 2022